

116

21. des.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um varnir gegn útbreiðslu sauðfjárveiki.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,  
Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Landbúnaðarráðherra Vor hefir þegnlega tjáð Oss, að komið hafi upp mjög skæð sauðfjárveiki í Borgarfjarðarsýslu, sem hafi breiðzt þannig út, að mjög líklegt verði að telja, að hún sé smitandi og að vegna þess tjóns, sem hún gerir, sé óhjákvæmilegt að hefjast þegar handa um varnir gegn útbreiðslu hennar frekar en gert hefir verið og heimild sé fyrir samkvæmt gildandi lögum. Telur ráðherrann eigi hægt að biða Alþingis um aðgerðir til varnar gegn veikinni, og verðum Vér því að telja brýna nauðsyn bera til þess að setja bráðabirgðalög um þetta efni samkvæmt 23. grein stjórnarskrárinnar.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

### 1. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að láta fara fram ítarlega rannsókn á heilbrigði sauðfjár hjá öllum sauðfjáreigendum í Borgarfjarðarsýslu.

Í öðrum héruðum landsins skulu hreppstjórar, hver í sinum hreppi, kynna sér tafarlaust heilsufar sauðfjár og gefa ráðuneytinu skýrslu um málið, og skulu þær komnar til ráðuneytisins fyrir 15. janúar 1937.

### 2. gr.

Nú finnst við rannsóknir þær, er getið er um í 1. gr. eða síðar, sjúkt fé á bæ, þar sem ráðuneytinu ekki var áður kunnugt um að veikt fé væri, og skal þá tafarlaust símleiðis láta landbúnaðarráðuneytið vita og eins fyrir það, þó ekki verði þegar vitað, hvort sjúkleiki sauðfjárins er borgfirzka sauðfjárveikin eða einhver annar kvilli.

### 3. gr.

Þar sem sjúkt fé finnst, skal svo fljótt sem kostur er á, senda innfyli (lunga) úr hinu sjúka fé til rannsóknarstofunnar í Reykjavík, til að fá úr því skorið, hvort um er að ræða „borgfirzku veikina“ eða annan sjúkdóm.

### 4. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að fyrirskipa algert bann á sauðfjárrekstrum bæja á milli og ennfremur að setja fé í sóttkví á þeim bæjum, þar sem sýkin hefir gert vart við sig eða þar sem grunur liggur á, að sýkin kunni að vera, unz úr því verður skorið hver sjúkdómurinn er.

Ennfremur getur ráðherra ákveðið að setja skuli í sóttkví meiri eða minni hluta úr héruðum eða heil héruð, ef hann telur það nauðsynlegt til hindrunar útbreiðslu veikinnar. **116**  
21. des.

Má þá banna allan flutning sauðfjár af hinu sýkta svæði sem og flutning á heyi eða öðru því, sem ætla mætti að gæti borið veikina. Sé hætt á, að menn, sem gæta fjárens, geti borið veikina, má setja þá í sóttkví þangað til eigi telst hætt á, að veikin flytjist með þeim milli bæja.

Þeir búendur, sem fyrirskipað hefir verið að hafa fé sitt í sóttkví, bera ábyrgð á, að ekki sé út af þeim fyrirskipunum brugðið.

5. gr.

Hreppstjórar skulu hafa nákvæmt eftirlit með því, að ákvæðum þessara laga og fyrirætlum ráðuneytisins sé hlýtt.

Nú ber á veikindum í fé og skal þá búandi tafarlaust tilkynna hreppstjóra og láta honum í té lýsingu á veikinni og skal hreppstjóri þegar láta landbúnaðarráðuneytið vita um málið (sbr. 2. gr.). Hreppstjóri skal hlutast til um að rannsókn veikinnar sé framkvæmd, sbr. 3. gr.

6. gr.

Landbúnaðarráðherra er ennfremur heimilt að gera hverja þá ráðstöfun, er hann álitur nauðsynlega til hindrunar útbreiðslu veikinnar, og henni til útrýmingar, og má hann í þessu skyni verja fé úr ríkissjóði eftir því sem hann telur nauðsynlegt.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum og ákvæðum, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 10000 krónum og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 21. desember 1936.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*